

Kennari:
Agatha Mist Atladóttir

Kennslufyrirkomulag:
Verklegt nám í smíðjutvennd

Tímafjöldi:
6 kennslustundir

Bekkur:
5. bekkur

Textílmennt

Námsgreinin textílmennt er yfirgrípsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið. Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegum veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði í nánasta umhverfi sínu en auk þess læra þeir að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi. Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Í textílmennt er unnið með efni af ólíkum toga allt frá umhverfisvænum hráefnum til mengandi iðnaðarvöru. Þess vegna er mikilvægt að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni. Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda.

Textílmennt

| Námsþættir: | Námsefni: | Hæfniviðmið: <i>Að nemandi:</i> | Leiðir: |
|-----------------|--|---|--|
| Textíll | Gögn frá kennara nam.is Snið Saumavél Efni Uppskriftir | <ul style="list-style-type: none">– Geti unnið með fjölbreytt textílefni og kynnst þeim– Þjálfist í einföldum vinnuaðferðum– Tileinka sér rétt og hagkvæm vinnubrögð– Kynnist ýmsum áhöldum, skærum og nálum– Fá innsýn í hvernig textílverk verður til á einfaldan hátt– Geti gengið frá eftir vinnu sína– Geti unnið einföld verkefni í hóp | Sýnikennsla Einstaklingsvinna Sköpunarþörf og sjálfstæði nemendanna fá að njóta sín Nemendur fá verkefni sem höfða getu og þroska þeirra Youtube og Pinterest |
| Námsmat: | Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. | | |

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífelld að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

| | |
|---|--------------------|
|  | Framúrskarandi |
|  | Hæfni náð |
|  | Á góðri leið |
|  | Þarfnast þjálfunar |
|  | Lokið |
|  | Ólokið |
|  | Undanþága |